

Fimmtudaginn 10. júní 1948.

Nr. 139/1947. Réttvísinn og valdstjórnin

(Hrl. Ragnar Jónsson)

gegn

Friðriki Bertelsen, Bergljótu Bertelsen, Helga Jónasi Þórarinssyni, Baldvin Jónssyni og Hilmarí Foss (Hrl. Lárus Jóhannesson).

Galli á málshöfðun. Ómerking dóms.

Dómur hæstaréttar.

Með bréfi 27. september 1946 endursendi dómsmálaráðuneytið sakadómaranum í Reykjavík endurrit réttarrannsóknar, er haldin hafði verið vegna „kæru verðlagsstjóra á hendur heildverzluninni Friðrik Bertelsen & Co. h/f fyrir brot gegn verðlagslöggjöfinni“. Jafnframt lagði ráðuneytið fyrir sakadómarara að halda áfram rannsókn málsins og höfða síðan mál gegn ákærðu „fyrir brot gegn verðlagslöggjöfinni, gjaldeyrislöggjöfinni og 15. kafla hegningarlagna“. Hinn 2. og 3. október og 11. nóvember 1946 komu ákærðu fyrir lögregluþóm Reykjavíkur. Var þeim birt nefnt bréf dómsmálaráðuneytisins og tilkynnt, að mál væri höfðað gegn þeim fyrir brot gegn „verðlagslöggjöfinni og gjaldeyrislöggjöfinni“, auk nefnds kafla hegningarlagna. Hinn 18. nóvember 1946 var aukaréttarstefna gefin út á hendur hinum ákærðu. Í stefnunni var aukaréttarstefna gefin út á hendur hinum ákærðu. Í stefnunni er því lýst, að mál sé höfðað „fyrir brot gegn 15. kafla almennra hegningarlagna nr. 19 12. febrúar 1940, verðlagslöggjöfinni og gjaldeyrislöggjöfinni“.

Í skipan dómsmálaráðuneytisins, tilkynningu dómara um málshöfðun og stefnu er eigi vitnað til tiltekinna og ákveðinna lagaákvæða, er ákærðu séu sótt eftir, að því er ætlað brot þeirra gegn verðlags- og gjaldeyrislöggjöf varðar. Er þetta slíkur galli á meðferð málsins að ómerkja ber hér aðsdóminn.

Samkvæmt þessum úrslitum verður allur sakarkostnaður, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, dæmdur á hendur ríkissjóði, þar með talin málflytningslaun skipaðs verjanda í héraði, kr. 2000.00, og málflytningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 800.00 til hvors.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur.

Allur sakarkostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda í héraði, Lárusar hæstaréttarlögmanns Jóhannessonar, kr. 2000.00, og laun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Ragnars Jónssonar og Lárusar Jóhannessonar, kr. 800.00 til hvors.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 26. júlí 1947.

Ár 1947, laugardaginn 26. júlí, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni sakadómara, upp kveðinn dómur í málinu nr. 3593—3597/1946: Réttvísing og valdstjórnin gegn Friðriki Bertelsen, Bergljótu Bertelsen, Helga Jónasi Þórarinssyni, Baldvin Jónssyni og Hilmar Foss, sem tekið var til dóms 23. sama mánaðar.

Mál þetta er af réttvísingunni og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Friðriki Bertelsen stórkaupmanni, Bergstaðastræti 84, Bergljótu Bertelsen frú, s. st., Helga Jónasi Þórarinssyni skrifstofustjóra, Grettisgötu 86, Baldvin Jónssyni héraðsdómslögmanni, Öldugöfu 10 og Hilmar Foss verzlunarfylltrúa, Skarphéðinsgötu 20, fyrir brot gegn XV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, verðlagsslöggjöfinni og gjaldeyrislöggjöfinni.

Ákærði Friðrik Bertelsen er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 12. október 1910. Hinn 25. júní 1941 var hann dæmdur í 500.00 króna sekt fyrir brot gegn húsaleigulögunum. Að öðru leyti hefur hann eigi, svo kunnugt sé, sætt ákæru né refsingu.

Ákærð Bergljót Bertelsen er komin yfir lögaldur sakamanna, fædd 24. nóvember 1914, og sömuleiðis ákærði Helgi Jónas Þórarinsson, fæddur 23. desember 1908, og ákærði Hilmar Foss, fæddur 28. febrúar 1920. Þau hafa hvorki sætt ákæru né refsingu, svo kunnugt sé.

Ákærði Baldvin Jónsson er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 10. janúar 1911. Hinn 20. júní 1937 var hann dæmdur í 100 króna sekt og sviptur bifreiðastjóraréttindum í þrjá mánuði fyrir

áfengis- og bifreiðalagabrot. Að öðru leyti hefur hann eigi, svo kunnugt sé, sætt ákæru né refsingu.

Stórsöluverzlunin Friðrik Bertelsen & Co. h/f var skráð í hluta-félagaskrá Reykjavíkur 19. nóvember 1938. Var ákærði Friðrik þá þegar formaður stjórnar félagsins og það hefur hann verið síðan og jafnframt framkvæmdastjóri félagsins og aðaleigandi hlutafjár þess. Hinn 8. maí 1939 voru hin ákærðu, Bergljót og Helgi Jónas, kosin í stjórn félagsins. Var stjórnin því skipuð þeim og ákærða Friðrik frá þeim tíma til 1. maí 1943, að Helgi Jónas gekk úr stjórninni, en í hans stað var kosinn í hana ákærði Baldvin. Hinn 17. maí 1944 gekk Bergljót úr stjórninni og var ákærði Hilmar kosinn í hana í hennar stað. Var félagsstjórnin frá þessum tíma og til loka rannsóknar málsins skipuð ákærðu Friðrik, Baldvin og Hilmari.

Með bréfi, dagsettu 15. janúar 1945, kærði verðlagsstjóri nefnt félag fyrir verðlagsbrot. Er kæran fyrst og fremst þess efnis, að félagið hafi selt vörur of háu verði, en einnig er þar látinn í ljós grunur um, að félagið hafi lagt fyrir verðlagseftirlitið skjöl, sem sögð hafi verið frumreikningar, en ástæða virðist til að efast um að séu það, og loks grunur um, að félagið hafi samið um það við erlenda seljendur vara að telja söluverð varanna hærra í vörureikningum en það var í raun og veru. Um tvö hin síðarnefndu kæruatriði skal þess strax getið, að þeim er báðum eindregið neitað af ákærðu og ekkert hefur fram komið, sem þeim sé til sönnunar, og þykir eigi ástæða til að geta þeirra nánar.

Rannsókn hófst í málinu 19. janúar 1945 og hinn 27. s. m. var löggiltum endurskoðanda, Ragnari hæstaréttarlögmanni Ólafssyni, falin rannsókn bóka og skjala félagsins til upplýsingar málinu.

Í marz 1942 sendi félagið einn starfsmanna sinna, Stefán Wathne, til New York til að greiða fyrir viðskiptum félagsins þar í landi. Starf hans þar var í því fölgandi að leita verzlunarsambanda fyrir félagið, kaupa fyrir það vörur og annast sendingu þeirra hingað til lands. Hann dvaldi vestanhafs í þágu félagsins þar til í júlí 1945, að hann flutti aftur hingað. Nokkru eftir komu sína til New York komst hann í samband við verzlun þar í borg, Block International Corporation, sem leiddi til mikilla vörukaupa félagsins hjá verzlun þessari. Stefán var um skeið mjög á vegum verzlunar þessarar og annaðist hjá henni vöruval fyrir félagið. Meðan félagið átti viðskiptin við verzlun þessa, skipti það einnig við aðrar amerískar verzlunir, en yfirgnæfandi mest við þessa. Verður og að telja af framburði ákærða Friðriks og vitnisins Stefáns Wathne og af skjölum, sem fyrir liggja, að félagið hafi verið einkaumboðsmaður hér á landi fyrir verzlun þessa. Af öllum vörukaupum sínum af verzlun þessari fékk félagið 7% umboðslaun. Umboðslauna þessara var eigi getið í vörureikningunum, heldur talin þar með vöruverðinu ósundurliðað. Við greiðslu varanna voru þau tekin frá og færð félaginu til tekna hjá verzluninni og söfnuðust þar fyrir í dollurum félaginu til ráðstöf-

unar. Á þetta verð voru svo lögð hér 5% vegna umboðsmanns félagsins vestanhafs, samkvæmt verðlagningarreglunum frá 11. marz og 6. október 1943. Á því er eigi vafi, að félaginu var heimilt að leggja 5% á vörurnar vegna umboðsmannsins, en af verðlagsstjóra hálfu er því haldið fram, að hærri umboðslaun hafi eigi mátt teljast með kostnaðarverði varanna án samþykkis verðlagsyfirvaldanna. Hafi því 2% umboðslaunanna frá Block International Corporation og 5%-in, sem lögð voru á hér, verið óheimil álagning. Endurskoðandinn hefur fundið hverri upphæð þessir hudraðshlutar nema, og er hún kr. 100 169.07, og er hún af félagsins hálfu viðurkennd tölulega rétt fundin. Af félagsins hálfu er því haldið fram, að því hafi samkvæmt verzlunarvenju verið heimilt að taka við nefndum umboðslaunum án tillits til 5% álagningarinnar hér vegna umboðsmannsins.

Leitað hefur verið álits Viðskiptaráðs um hvaða umboðslaun verðlagseftirlitið hafi heimilað að reikna í söluverði vöru. Svar ráðsins er á þá lund, að það hafi leyft að bæta 5% umboðslaunum við vöruverð vegna umboðsmanna erlendis, að fullnægðum vissum skilyrðum, en öðrum umboðslaunum eigi, þar sem slíkt mundi opna leiðir til að sniðganga verðlagsákvæðin og í raun og veru gera ókleift að hafa hemil á vöruverði og álagningu. Í einu tilfelli segir ráðið verðlagseftirlitið þó hafa heimilað, að fengin umboðslaun væru ekki skoðuð sem hluti af álagningu, og segir svo um þetta í bréfi ráðsins:

„Þegar innflytjandi hefur einkaumboð fyrir erlendan seljanda, sem selur ýmsum innflytjendum og greiðir einkaumboðsmanninum umboðslaun af öllum viðskiptum við umboðssvæðið, hefur honum verið heimilað að reikna umboðslaun af þeirri vöru, sem hann selur sjálfur, í verði hennar. Þótt þetta sé heimilað, verður varan ekki dýrari hjá honum en hún er hjá öðrum, sem kaupa hana frá seljandanum, og væri honum bannað að taka tillit til þeirra í verðinu, væri verið að skylda hann til að selja ódýrara en aðrir innflytjendur sömu vöru geta, en það hefur ekki verið talið sanngjarnt. Þetta ber þó ekki að skilja svo, að innflytjanda, sem hefur einkaumboð fyrir erlendan seljanda, hafi ávallt verið heimilt að reikna fengin umboðslaun í verði sínu.

Verðlagseftirlitið getur að sjálfsögðu ekki viðurkennt almennan rétt til slíks, enda væri það óheimilt. Það getur einungis viðurkennt þau umboðslaun, sem því hefur verið skýrt frá og það samþykkt, að það hefur einungis leyft að reikna umboðslaun í þeim tilfellum, er hlutaðeigandi hefur sýnt fram á, að þau hafi ekki hækkað vörurnar.“

Sé aðgætt hvort félagið hafi fullnægt þeim skilyrðum, sem ráðið telur þurfa að umboðslaunin megi telja sem hluta af söluverði vöru, verður það fyrst fyrir, að félagið verður að teljast hafa verið einkaumboðsmaður Block International Corporation hér á landi. Hins

vegar voru viðskipti félagsins við verzlun þessa nær eingöngu eigin vörukaup, en eigi umboðsverzlun. Var umboðsverzlun þessi svo hverfandi lítið í samanburði við vörukaup félagsins sjálfs, að hún þykir eigi geta réttlætt töku umboðslaunanna. Þar við bætist, að félagið hefur eigi fullnægt því skilyrði, sem ráðið telur þurfa til að reikna megi umboðslaunin með í söluverðinu, að skýra verðlagseftirlitinu frá þeim og fá þau samþykkt sem hluta vöruverðsins. Hefur félagið því eigi fullnægt þeim skilyrðum, sem í nefndu álitni ráðsins eru greind. Í verðlagningarreglum frá 11. marz og 6. október 1943 er eigi leyft að telja afslátt eða umboðslaun sem þau, er hér um ræðir, með í innkaupsverði vöru og þó að því sé mjög eindregið haldið fram af félagsins hálfu að taka umboðslaunanna helgist af almennri verzlunarvenju, verður eigi lítið svo á, m. a. með tilliti til frammannefnds álits Viðskiptaráðs. Þykir því verða að líta svo á, að félagið hafi, með því að telja umboðslaunin með í innkaupsverði vörunnar, brotið í bág við nýnefndar verðlagningarreglur, sbr. 9. gr. 2. mgr. verðlagslaganna nr. 3 13. febrúar 1943, sbr. nú 22. gr. 2. mgr. laga nr. 70 5. júní 1947.

Á tímabilinu frá 11. marz 1943 og fram í ársbyrjun 1945 flutti félagið inn vörur frá ýmsum öðrum bandarískum verzlunum og tók við frá sumum þeirra umboðslaunum á sama hátt og frá Block International Corporation. Fyrir tvær þessara verzlana kveðst félagið hafa haft einkaumboð hér á landi, en eigi hinar. Ljóst er að félaginu var óheimilt samkvæmt nefndum verðlagningarreglum að telja umboðslaunin með í söluverði varanna frá þeim verzlunum, sem það hafði ekki umboð fyrir, og eigi var því það heldur heimilt um vörunnar frá hinum verzlununum, þar eð það hafði eigi skýrt verðlagisyfirvöldum frá umboðslaununum og eigi fengið samþykki þeirra fyrir að telja þau með í söluverði varanna. Varðar þetta atferli við sömu ákvæði laga og greind eru að framan um umboðslaunin frá Block International Corporation. Samkvæmt skýrslu endurskoðandans, sem félagið hefur viðurkennt tölulega rétta, nemur upphæð hinna ólöglegu umboðslauna samkvæmt þessum lið kr. 24197.85.

Þegar viðskipti félagsins við Block International Corporation höfðu staðið allengi, var umboðsmaður þess, áðurnefndur Stefán Wathne, óánægður með þau og vildi fá bækistöð hjá einhverju öðru fyrirtæki. Hann frétti þá um mann einn í New York, David Coe að nafni, sem er útflutningsstjóri fyrir nokkrar amerískar stórverzlunar, en á þessum tímum stóð svo á vegna stríðsins, að verksmiðjur þær, sem hann vann fyrir, gátu eigi afgreitt vörur, svo að hann hafði ekki nægilegt starf fyrir skrifstofulið sitt, sem hann vildi þó ógjarnan segja upp starfi. Stefán komst í samband við mann þennan og tókust með þeim samningar um að Stefán fengi til afnota eitt herbergi af skrifstofum hans og einnig afnot af starfslíði hans og skrifstofugögnum. Fyrir þetta greiddi hann 300.00 dollara á mán-

uðni. Meðan Stefán var í sambandi við mann þennan, keypti hann sumar vörur fyrir félagsins hönd fyrir milligöngu og með aðstoð Coes samkvæmt frumvörureikningum frá viðkomandi verksmiðjum, en fékk jafnframt kostnaðarreikning Coes, þar sem fram kom sú þóknun, er Coe tók fyrir útvegum varanna. Vörur þessar sendi Stefán síðan félaginu með eigin vörureikningi, þar sem fram kom hið upprunalega verð og kostnaðarreikningur Coes og þær tölur samanlagðar, en frumvörureikningurinn og kostnaðarreikningur Coes voru fylgiskjöl. Leitt hefur verið í ljós af endurskoðandanum, óvæfengt af félagsins hálfu, að munur sá, sem var á frumvörureikningunum í nýnefndum tilfellum og vörureikningum Stefáns, hafi samtals numið kr. 20 012.34. Er því haldið fram af félagsins hálfu, að um fé þetta hafi engin undirmál verið milli félagsins og Coes, heldur hafi það gengið til hans sem greiðslur fyrir vöruútveganir. Leitað hefur verið umsagnar Viðskiptaráðs um, hvort fé þetta sé ólöglega til félagsins runnið, og hefur ráðið svarað á þá leið, að slíkt sé undir því komið, hvort líta beri á Coe sem eins konar starfsmann félagsins. Sé lítið svo á, að hann hafi verið það, verði þóknun til hans umfram hin lögleyfðu 5% (sem falla hér fyrir utan) að skoðast sem ólöglegur hagnaður, þar eð eigi sé unnt að leyfa þeim fyrirtækjum, sem nota erlenda starfskrafta við innkaupastörf sín erlendis, hærri aukaálagningu en almennt sé heimilud.

Af skýrslu vitnisins Stefáns Wathne, sem gerzt veit um samband félagsins við Coe, verður eigi annað séð, en Coe hafi verið í þjónustu félagsins að nokkru leyti sem eins konar milligöngu- eða aðstoðarmaður um vörukaup fyrir það, en samkvæmt verðlagningarreglum er eigi leyfi að telja kostnað við slíkt með í kostnaðarverði vöru. Þar eð upptalning þeirra liða, sem í kostnaðarverði vara mega teljast, eru tæmandi taldir í verðlagningarreglunum, var félaginu óheimilt að leggja þóknunina til Coes á vörurnar, og varðar þetta við sömu ákvæði og að framan eru nefnd varðandi umboðslaunin frá Block International Corporation.

Vörur þær, sem félagið keypti af ýmsum verzlunum í Bandaríkjunum og tók við ólögmatum umboðslaunum af samkvæmt framan-sögðu, voru greidd seljendunum í dollurum, þar á meðal umboðslaunin, sem lögðust fyrir hjá seljendunum sem eign félagsins því til ráðstöfunar. Þessa erlendu gjaldeyriseign félagsins segir formaður þess hafa eyðst til greiðslu dvalarkostnaðar Stefáns vestanhafs og annars kostnaðar við starfsemi hans þar og einnig til greiðslu andvirðis minni háttar vörusendinga, sem gjaldeyrisleyfi höfðu verið fyrir, en eigi þótti taka því að senda gjaldeyri fyrir. Segir hann gjaldeyrisleyfi þessi eigi hafa verið notuð. Stefán Wathne hefur borið, að umboðslaunin hafi gengið til greiðslu dvalarkostnaðar síns vestra og ýmiss kostnaðar við störf sín þar.

Með því að skila eigi sölubanka gjaldeyrisins þeim hluta gjaldeyrisins, sem eigi þurfti að nota til greiðslu hins raunverulega vöru-

verðs, hefur félagið gerzt brotlegt við 5 gr. 1. og 5. mgr., sbr. 17. gr. reglugerðar nr. 77 1943, og 4. sbr. 6. gr. laga nr. 1 1943, sbr. síðari reglugerð og lög um þessi efni, nú síðast lög nr. 70 1947.

Loks er ákærðu gefið að sök brot gegn XV. kafla hegningarlaganna. Þær greinar kaflans, sem kynnu að koma hér til álita, eru 146. og 147. gr., en eigi verður séð, að félagið hafi með notkun margnefndra vörureikninga gerzt brotlegt við þær. Ber því að sýkna hin ákærðu af ákæru réttvísinnar í máli þessu.

Um refsiverðleika hinna ákærðu hvers um sig skal fram tekið, að ákærði Friðrik er aðaleigandi hlutafjár félagsins, formaður félagsstjórnar og framkvæmdarstjóri þess og hefur ráðið þeim verkum, sem samkvæmt framansögðu eru refsiverð. Þykir refsing hans, með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaganna, hæfilega ákveðin 50 þúsund króna sekt til rikissjóðs, og komi varðhald í 5 mánuði í stað hennar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Hilmar hefur verið í stjórn félagsins frá 17. maí 1944, en hafði þar áður unnið hjá því um skeið. Hann vissi um langt skeið um töku hinna ólögmætu umboðslauna, en kveðst eigi hafa gert sér grein fyrir því að neitt væri athugavert við töku þeirra, heldur einmitt hafa talið hana réttmæta og eðlilega. Hafði hann því engin andmæli uppi gegn því að félagið tæki við þeim né aðhafðist neitt til hindrunar þessu.

Ákærði Baldvin hefur verið í stjórn félagsins frá 1. maí 1943. Hann hefur eigi starfað annað í félaginu en að mæta á stjórnarfundum og félagsfundum og kveðst hann eigi hafa fylgzt með daglegum rekstri félagsins. Honum var frá upphafi kunnugt um veru Stefáns Wathne vestanhafs sem erindreka félagsins og vissi frá upphafi Ameríkuviðskiptanna, að þau áttu sér stað, en vissi eigi um kjör þau, er félagið fékk á vörukaupum hjá hinum amerísku seljendum. Á aðalfundinum 1. maí 1943, þegar þessi ákærði var kjörinn í stjórn félagsins, kynnti hann sér reikninga félagsins, sem þá lágu fyrir fundinum til samþykktar, og sá þar að félagið hafði fengið einhver umboðslaun frá erlendum firmum. Á reikningum félagsins síðan hefur þessi liður verið, og hefur þessum ákærða því verið kunnugt um frá því hann var kjörinn í stjórn félagsins, að það hafði fengið umboðslaun frá amerískum firmum, sem það hafði keypt vörur af. Þessi tekjuliður hefur verið færður í einni heildarupphæð í reikningunum, og hefur ákærði eigi spurzt fyrir um, frá hvaða firmum umboðslaunin hafa verið né hversu há í einstökum tilfellum. Ákærði leit á þennan tekjulið í reikningunum sem sjálfsagðan og lét hann afskiptalausán. Kveðst hann hvorki hafa unnið að því að afla þessara tekna né heldur haft uppi mótmæli gegn því, að félagið tæki við umboðslaunum þessum.

Vegna framangreindrar vitneskju ákæru Hilmars og Baldvins um hin ólögmætu umboðslaun og afstöðu þeirra til þeirra, þykir eigi verða hjá því komizt að sakfella þá vegna umboðslauna- og gjald-

eyrisatriðanna, og þykir sekt hvors þeirra um sig, með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaganna, hæfilega ákveðin 5 þúsund króna sekt til ríkissjóðs og komi varðhald í 30 daga í stað hvorrar sektar, verði þær eigi greiddar innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Helgi Jónas var í stjórn félagsins frá 8. september 1939 til 1. maí 1943, en vann eigi á vegum þess nema á tímabilinu frá febrúar eða marz 1942 og fram um mánaðarmót janúar og febrúar 1943. Mjög litið var farið að berast hingað af vörunum frá Ameríku, meðan þessi ákærði var í stjórn félagsins og þykir hann eigi hafa aðhafst neitt það, er refsingu eigi að verða í máli þessu.

Ákærða Bergljót, eiginkona framkvæmdarstjóra félagsins, var í stjórn þess frá 8. maí 1939 til 28. ágúst 1944. Hún hefur aldrei starfað neitt í félaginu og telur veru sína í stjórn þess aðeins hafa verið til að fullnægja tilskildum formum. Hún vissi ekki um töku umboðs-launanna né Coes-atríðið og er ekkert fram komið, sem bendi til þátttöku hennar í framantöldum brotum gegn verðlags- og gjaldeyris-löggjöfinni. Þykir því rétt að sýkna hana að öllu leyti.

Samkvæmt 69. gr. 3. tölulið hegningarlaganna ber að gera upp-tækan ríkissjóði til handa þann ólöglega ágóða, sem félagið hefur haft af framangreindum brotum, en hann nemur samkvæmt framan-sögðu kr. 154 379,26. Af félagsins hálfu hefur verið bent á, að af sex vörutegundum, sem reiknaðar hafi verið ólöglegur hagnaður af, hafi verið nokkru minni ólöglegur hagnaður en talið hafði verið, eða jafnvel enginn í sumum tilfellum. Þetta hefur endurskoðandinn athugað, og af því sem fram er komið um þetta, þykir eigi ástæða til að véfengja, að hinn ólöglegi ágóði félagsins hafi verið kr. 3235,97 lægri en áður segir, og eru þá lagðar til grundvallar þær tölur, sem endurskoðandinn hefur fundið í þessu sambandi. Verður hinn ólöglegi hagnaður því alls kr. 151 143,29, og ber að dæma hina ákærðu fyrir félagsins hönd til að greiða hann innan 15 sólarhringa frá birtingu dóms þessa. Þar sem vörn hins skipaða verjanda allra hinna ákærðu, hrl. Lárusar Jóhannessonar, fjallar nær eingöngu um málið almennt, þykir rétt að dæma hina sakfelldu in solidum til greiðslu allra málsvarnarlauna, sem þykja hæfilega ákveðin kr. 2000,00. Enn fremur ber að dæma hina sakfelldu in solidum til greiðslu alls annars sakarkostnaðar.

Mjög mikill dráttur hefur orðið á máli þessu hjá verjandanum. Ber að átelja það, þar sem drátturinn hefur eigi verið að fullu rétt-lættur. Að öðru leyti hefur rekstur málsins verið vitalaus.

D ó m s o r ð :

Hin ákærðu, Bergljót Bertelsen og Helgi Jónas Þórarinsson, skulu vera sýkn í máli þessu.

Ákærði Friðrik Bertelsen greiði kr. 50 000,00 í sekt til ríkis-

sjóðs, og komi 5 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu, Hilmar Foss og Baldvin Jónsson, greiði hvor kr. 5000.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi 30 daga varðhald í stað hvorrar sektar, verði þær eigi greiddar innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Hin ákærðu greiði, f. h. Friðriks Bertelsens & Co. h/f, ríkissjóði upptækan ólöglegan ágóða, kr. 151 143.29, innan 15 sólarhringa frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu, Friðrik Bertelsen, Hilmar Foss og Baldvin Jónsson, greiði in solidum allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun verjandans, hrl. Lárusar Jóhannessonar, kr. 2000.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 10. júní 1948.

Nr. 8/1948. **Réttvísín** (Hrl. Egill Sigurgeirsson)
gegn

Guðjóni Guðmundssyni

(Hrl. Krisján Guðlaugsson).

Fjársvik.

Dómur hæstaréttar.

Telja verður, að ákærði hafi frá upphafi ætlað að nota fjárhæð þá, sem lýst er í II. kafla héraðsdóms, í eigin þarfir, og hefur hann því með atferli þessu gerzt brotlegur við 248. gr. laga nr. 19/1940. Með þessari athugasemd þykir mega staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, 350 krónur til hvors.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði Guðjón Guðmundsson greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmanna